**153. löggjafarþing 2022–2023.**
**Þingskjal 1051 — 681. mál.**

# Fyrirspurn

**til heilbrigðisráðherra um lækna.**

Frá Þórunni Sveinbjarnardóttur.

1. Hve mörg stöðugildi lækna voru á Landspítala og Sjúkrahúsinu á Akureyri árið 2021 og árið 2016? Hversu margir læknar mönnuðu þessi stöðugildi?
2. Hve mörg stöðugildi lækna voru á heilsugæslustöðvum (skipt eftir heilbrigðisumdæmum) árið 2016 og árið 2021? Hversu margir læknar mönnuðu þessi stöðugildi?
3. Hefur ráðuneytið sett viðmið um mönnun lækna á heilbrigðisstofnunum?
4. Hefur ráðuneytið skilgreint störf lækna í heilbrigðiskerfinu og þá hvort störf þeirra eða hluti starfa þeirra geti verið unninn af öðrum fagstéttum í heilbrigðiskerfinu?
5. Hvert er lágmarksviðmið um mönnun lækna á heilbrigðisstofnunum?
6. Getur ráðuneytið upplýst um meðalaldur og kynskiptingu í læknastétt?
7. Hversu mörg leggja stund á kandídatsnám í læknisfræði hér á landi?
8. Hversu mörg luku 12 mánaða starfsþjálfun á sjúkrahúsum og heilsugæslum til að uppfylla skilyrði um almennt lækningaleyfi (kandídatsár) árið 2016 og 2022?

**Skriflegt svar óskast.**